



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða

Nr. S-68/2024 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is

Efnisyfirlit

1.	Pátttaka.....	2
2.	Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	2
	2.1. Fyrirhugaðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.....	2
	2.2. Fyrirhugaðar breytingar á lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, nr. 101/2023.....	2
3.	Næstu skref.....	2

Janúar 2024

1. Þátttaka

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar		
		KPMG Law ehf.
		Deloitte Legal ehf.
		Samtök iðnaðarins
Samtals	0	3

Upplýsingar um málsefni, umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3707>

2. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

2.1. Fyrirhugaðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988

Í öllum þremur umsögnum sem bárust voru að finna athugasemdir og ábendingar um ákvæði frumvarpsins um breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Þar kom m.a. fram að skýra þyrfti betur hvað fælist í orðalaginu „greiðsla fyrir afnot eða réttindi yfir fasteign eða mannvirki, sbr. þó 8. tölul. 3. mgr. 2. gr.“ í a-lið hins nýja 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt og að taka þyrfti ákvæði 4. mgr. 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna inn í frumvarpið. Þá kom fram að fyrirhuguð brottfelling 4. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt hefði þau áhrif að kaupendur þjónustunnar sem þar er tilgreind og eru heimilisfastir hér á landi þyrftu að greiða virðisaukaskatt af þjónustunni sem þeir gera ekki samkvæmt gildandi ákvæði. Enn fremur kom fram að fyrirhuguð breyting á 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna, sem gildir m.a. um erlend flugfélög, kynni að auka óhagræði í milliríkjavíðskiptum. Einnig var lagt til að bætt yrði við 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna ákvæði um að telja mætti utan skattskyldrar veltu þjónustu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda við samsetningu pakkaferða, ráðgjöf og aðgang að kynningarefni sem selt er atvinnufyrirtækjum sem hvorki eru heimilisföst á Íslandi né stunda hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð.

Brugðist var við öllum framangreindum athugasemdum að undanskilinni tillögunni um viðbót við 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. það helgast m.a. af því að ekki virðist vera að finna þess háttar ákvæði í virðisaukaskattstilskipuninni eða í virðisaukaskattslöggjöf annarra Norðurlandarákja.

2.2. Fyrirhugaðar breytingar á lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, nr. 101/2023

Engar umsagnir bárust sem vörðuðu ákvæði frumvarpsins um breytingar á lögum um kílómetragjald vegna notkunar á hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, nr. 101/2023.

3. Næstu skref

Frumvarp um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum kílómetragjald vegna notkunar á hreinorku- og tengiltvinnbifreiðum var lagt fram á Alþingi á 154. löggjafarþingi 2023-2024 (917. mál).